

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 113/2001

frá 28. september 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2001 frá 13. júlí 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/171/EB frá 19. febrúar 2001 um undanþáguskilyrði fyrir glerumbúðir að því er varðar styrk þungmálma sem ákveðinn er í tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 7c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/177/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„7d. **32001 D 0171:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/171/EB frá 19. febrúar 2001 um undanþáguskilyrði fyrir glerumbúðir að því er varðar styrk þungmálma sem ákveðinn er í tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtið. EB L 62, 2.3.2001, bls. 20).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 251, 20.9.2001, bls. 17 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 47, 20.9.2001, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 62, 2.3.2001, bls. 20.

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/171/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. september 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.